

Ed. 208. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóvember 1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983).

1. gr.

26. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „35 000 kr.“ í 1. mgr. komi: 1 800 kr.

Í stað „7 000 kr.“ í 1. og 2. málslíð 2. mgr. komi: 360 kr.

Í stað „10 000 kr.“ í 7. mgr. komi: 520 kr.

8. mgr. orðist svo:

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Síðasta mgr. orðist svo:

Útsvar skal lagt á í heilum tug króna, þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæðum 8. mgr. 26. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga skulu fjárhæðir þær er um ræðir í 1., 2. og 7. mgr. 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978, með síðari breytingum.

Í 9. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fram á Alþingi þann 7. þ. m. (Nd. 129. mál, þskj. 164), kemur fram, að lagt er til að 121. gr. þeirra laga (áður 121. gr. laga nr. 40/1978) verði breytt á þann veg, að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985. Verði umrædd grein frumvarpsins að lögum, er ljóst, að engin skattvísitala mun gilda skv. 121. gr. skattalaganna á árinu 1984.

Með hliðsjón af því er því nauðsynlegt að breyta fjárhæðum skv. 1., 2. og 7. mgr. 26. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga á þann veg, að ákvarðaðar verði nýjar grunnfjárhæðir í þessum mgr. (í nýkrónum) í stað gildandi fjárhæða (í gömlum krónum) með hliðsjón af því sem fram hefur komið, að skattvísitala hefði hækkað skv. gildandi lögum um 54%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

- 1) Fjárhæðin „35 000 kr.“ (þ. e. gkr.) eða nýkr. 350 nam við álagningu útsvara 1983 kr. 1 159. Með hliðsjón af 54% hækkun skattvísitölu hefði fjárhæðin átt að breytast í kr. 1 785. Fjárhæðin er hins vegar sett örlítið hærri eða kr. 1 800 í þessu frumvarpi.
- 2) Fjárhæðin „7 000 kr.“ (þ. e. gkr.) eða nýkr. 70 nam við álagningu útsvara 1983 kr. 233. Með hliðsjón af 54% hækkun skattvísitölu hefði fjárhæðin átt að breytast í kr. 359. Fjárhæðin er hins vegar sett örlítið hærri eða kr. 360 í þessu frumvarpi.
- 3) Fjárhæðin „10 000 kr.“ (þ. e. gkr.) eða nýkr. 100 nam við álagningu útsvara 1983 kr. 332. Með hliðsjón af 54% hækkun skattvísitölu hefði fjárhæðin átt að breytast í kr. 512. Fjárhæðin er hins vegar sett örlítið hærri eða kr. 520 í þessu frumvarpi.
- 4) Parfnast ekki skýringa.
- 5) Hér er einungis um að ræða leiðréttingu fjárhæða úr gömlum krónum í nýkrónur.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.